

Umdæmisstjóri - Governor 2015 -2016 Gunnsteinn Björnsson



Ég er fæddur 2 maí 1967 á Ketu á skaga elstur 3 systkina ólst upp við hefðbundin sveitastörf í einangraðri sveit allavegna á nútímamælikvarða skólagangan hófst í sveitinni þar sem kennt var á einum bænum 2 vikur skóli 2 vikur frí þar til að á fermingar árinu fer ég að heiman í gagnfræðaskóla Sauðárkróks og bjó þá hjá ömmu og afa enda ekki farið heim nema þegar fært var og einungis um helgar. Að lokinni skólagöngu fór ég í búfræði á Hólum í Hjaltadal og útskrifaðist þaðan 1986 sunnaði ýmis störf til sjós og lands til 1991 er ég hóf störf hjá Loðskinni hf 1991 framleiðslustjóri þar frá 1993 til 1999 framkvæmdastjóri Loðskinns frá 1999, við breytingar í iðnaðinum 2003 tek ég við framkvæmdastjórn Sjávarleðurs hf og starfa þar enn.

Gekk í Kiwanisklúbbinn Drangey árið 2000 að áeggjan Halls heitins Sigurðsonar þáverandi forseta, og kann ég honum miklar þakkir fyrir, og hef ég starfað þar síðan einu sinni forseti og þrisvar sinnum ritari svæðisstjóri Óðinssvæðis 2012-2013.

Ég hef einning starfað töluvert að sveitarstjórnarmálum á undanförunum árum og er fulltrúi í Sveitarstjórn Sveitafélagsins Skagafjarðar.

Ég er giftur Sigríði Káradóttur framkvæmdastjóra Gestastofu sútarans og eigum við fjögur börn, tengdason tvær tengdadætur, tvö barnabörn og eitt til viðbótar á leiðinni.

Fyrir utan Kiwanis helsta áhugamálið mitt þá togar sveitin mjög í mig og er finnst mér allavegana nauðsynlegt að komast í göngur og sauðburð svo sálin haldi jafnvægi. einnig finnst mér gaman að ferðast helst á aðra staði en hina

hefðbundnu ferðamanna staði og góð bók er aldrei langt undan.